

Fundur Gammadeildar 9. október 2023

Hrefna formaður setti fund, kveikti á kertum og fó með nafnakall. Gestir kynntu sig og voru þær konur boðnar velkomnar. Hrefna ritaði fundargerð.

Veikindi settu smá svip á mætingu og einnig hafði veðrið áhrif. Þó mættu um 35 konur með gestum. Nákvæm tala aðeins á reiki en 25 Gammakonur voru mættar.

Helga Thorlacius var með orð til umhugsunar og sagði frá Evrópuþingi (Alþjóðþingi) sem hún fór á í Tampere í sumar. Mikið var rætt um vellíðan á þessu þingi, að nemendum og kennurum ætti að líða vel í námi og starfi með hjálp nútímataækni. Stefnumótandi áætlun DKG var kynnt af forseta og hvernig við gætum nýtt hana í okkar vinnu. Við erum langstærstu landssamtökin í Evrópu. Hátíðarkvöldverður var haldinn og Eygló Björnsdóttir í Betadeild fékk verðlaun fyrir vefumsjón og kennslu í tæknimálum. Evrópuforum og panelumræður fóru fram og þar var Sigrún Klara í panelnum. Hægt er að kíkja á myndasafn frá ráðstefnunni á Evrópuvefnum og Landssambandsvefnum.

Næst var fundargerð síðasta fundar lesin.

Sigrún kynnti doktor Ragnýju Þóru Guðjohnsen til leiks en hún hefur mörg sérsvið: mannréttindi, lýðræði, sjálfbærni og velferð ungs fólks í víðu samhengi. Ragný er faglegur stjórnandi Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og heiti erindisins var: „Farsældarlögin og hvað svo?“

Fyrsta námskeiðið hennar Ragnýjar í uppeldis- og menntunarfræði var hjá Sigrúnu Aðalbjarnardóttur. Eftir lögfræðistarf fór hún og lærði lýðheilsufræði í Bandaríkjunum. Hún var á sínum tíma að velta fyrir sér hvað hún ætti að gera og þá kom Sigrún til mannsins hennar í tannlæknaheimsókn (en hún var áður kennari hans í Breiðholti, uppáhalds kennari) og þau eiginlega innsigliðu það að Ragný færi í þetta nám. Síðan var hún hjá henni í doktorsnámi.

Eftir þessa kynningu fór Ragný fyrst í grunn farsældarlaganna sem er sá að tryggja að verndandi grunnþættir séu til staðar í lífi allra barna með samvinnu velferðarkerfa. Kallað var eftir aukinni þjónustu við börn. Nú er stigskipting þjónustu sem skoða má vel inni á bofs.is. Þar eru flott myndbönd sem skýra út hvað farsældarlögin eiga að gera. Markmiðið er að veita þjónustuna helst á gólfinu með börnunum og fjölskyldunum. Tengiliðir eru í skólunum og málstjóri sem kallar saman þessi þrjú kerfi: menntakerfið, heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið. Það var umbreytandi að fá málstjóra. Foreldrar skrifa undir að þeir leyfi það að það sé skipaður málstjóri og upplýsingum deilt á milli kerfa.

Í stað Barnaverndarstofu varð til þessi stofnun Barna- og fjölskyldustofa (BOFS). Síðan var stofnað nýtt diplómanám við félagsvísindasvið, viðbótardiplóma – 30 einingar í farsæld barna. Það hefur verið gífurleg eftirsókn í þetta nám og ákveðið að halda áfram að bjóða upp á það. Þar sem Rannsóknir og greining eru einkafyrirtæki fékk ráðuneytið ekki aðgang að gögnum þeirra og því var ákveðið að stofna Íslensku æskulýðsrannsóknina sem allir hefðu aðgang að. Fundarkonur spurðu út í ýmsa uppeldisþætti og verndandi þætti í umhverfi barna: heimili, menntun, tómstundastarf, heilbrigði og líðan, vímuefni, einelti og ofbeldi, félagstengsl og samfélagsmiðla. Við eigum öll rannsóknina saman og þess vegna er þetta risastórt samstarfsverkefni sem tekur til grunn- og framhaldsskólastigs. Búið er að leggja könnunina tvisvar fyrir grunnskólann og nú er í fyrsta sinn verið að leggja hana fyrir framhaldsskólann. Menntavísindastofnun tekur að sér að framkvæma rannsóknina í samstarfi við ráðuneytið.

Verið er að stofna svokallað farsældarnet. Allir sem eru að rannsaka velferð ætla að vera saman í þessu farsældarneti. Það á að vera vettvangur til að tala saman þverfaglega. Enn eitt verkefni er námskeið um foreldrafærni en ekki er komin niðurstaða í hver stýrir því, það er í vinnslu

Búið er að lyfta grettistaki í velferðarkerfunum okkar. En styrkja þarf heimilin og hlúa að fjölskylduvænum gildum í samfélaginu. Hlúa þarf að lífssýn fólks, við búum í mjög hröðu samfélagi sem er ekki neitt sérstaklega barnvænt. Svo margt er í gangi og margt í boði að lífssýnin er ekki einföld líkt og áður og flókið verkefni fyrir ungt fólk að reyna að finna sig í þessum fullorðinsheimi. Það mætti vinna betur með gildismat. Ekki er unnið nóg með gildi, lífssýn, gagnrýna hugsun o.s.frv.

Það skiptir máli hvernig okkur líður í skólanum. Ef við samsömum okkur ekki líður okkur ekki vel. Gott er að sjá að samkvæmt rannsókninni líður langflestum nemendum vel í skólanum. En sá hópur sem upplifir sig utangarðs og einmana í skólanum er í áhættuhópi. Börn lesa mikið þegar þau eru yngri, svo dregur úr því smám saman og þegar 9. og 10. bekkur eru skoðaðir þá er ákveðinn hópur sem les mikið, bæði á íslensku og ensku. Ekki spurt um hljóðbækur en næst verða spurningarnar útfærðar betur.

Rætt var um að styðja við bókaútgáfu og einnig að börn gætu grætt mikið á að hlusta mikið á íslensku. Við þurfum að styðja vel nemendur af erlendum uppruna og hjálpa þeim að læra íslensku sem er mikilvægur þáttur í að komast inn í samfélagið.

Í rannsókninni kom fram að þegar börn eru yngri eiga þau almennt auðvelt með að tala við foreldrana, sérstaklega stelpur. Svo snýst þetta við þegar þau verða eldri, þá eiga stelpur erfiðara með að tala við foreldrana. Mæður standa sig betur þarna en feður.

Um 20% barna búa á tveimur heimilum. Forsendan fyrir að þetta gangi vel er að horfa á þetta með augum barnsins. Best gekk þegar stutt var á milli heimilanna. Börnin vildu fá að koma til stjúpforeldranna á sínum hraða, ef þeir voru fyrir hendi. Samskipti eitt á eitt með foreldrunum var jafnvel að gefa þeim meiri samveru með foreldrunum en ef þau voru í stærri fjölskyldu.

Kvíði (ekki klínískur kvíði) og depurð eru að aukast. Mun meiri depurð sem er ekki nógu góð þróun. Sláandi tölur um sjálfsskaða. Stúlkunum líður miklu verr, líka ýmislegt á netinu sem börn sjá – hegðunarmynstur sem eru til hins verra. Mikill munur er á stelpum og stráku þegar kemur að slagsmálum og mikilvægt að vinna með samskiptahæfni í skóla. Strákar af erlendum uppruna voru miklu útsettari fyrir því að ráðist væri á þá, það er hópur sem þarf að vernda.

Borgaraleg þátttaka mældist frekar lág og oft voru það sömu krakkarnir sem bjóða sig fram og/eða fá tækifæri. Farið var síðan gróflega í áhættuþætti eða verndandi þætti og umhverfisþætti.

Ýmislegt sem við erum að gera í samfélaginu okkar hefur áhrif á velferð. Til dæmis sífelld áfengisfrumvörp o.fl. sem ekki er pólitískur vilji til að vinna gegn. Fleiri undarlegar áherslur í nútímasamfélagi voru ræddar.

Eftir líflegar umræður buðu nokkrar Gammakonur upp á hressingu með kaffinu sem var í boði Menntavísindasviðs. Fundi slitið og héldu konur innblásnar heim í haustlæggðinni.